

Nd.

35. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Við 30. gr., kafla E, bætist nýr töluliður, 4., er orðist svo:

4. Viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Við setningu tekjuskattslaganna var sú stefna mörkuð, að rekstrarkostnaður við íbúð viðkomandi skyldi ekki frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Síðan hefur verið horfið frá þessu varðandi leiguhúsnæði, þannig að húsaleiga er nú frádráttarbær að hálfu. Þetta hefur skapað misræmi, ekki síst ef jafnframt er haft í huga að verulegu opinberu fé og vaxandi er á ári hverju varið til byggingar leiguhúsnæðis. Á sama tíma hefur hlutur húsbýggjenda versnað svo, að einungis kjarkmenn ráðast í að reisa sér þak yfir höfuðið eins og nú er komið.

Ekki þarf að tíunda, hversu mikið er í húfi fyrir samfélagið að íbúðarhúsnæði sé sómasamlega haldið við. Á þessu hefur verið alvarlegur misbrestur varðandi hvers konar hús í opinberri eigu, íbúðarhús sem önnur. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, stuðlar að því, að einstaklingar haldi íbúðarhúsum sínum áfram vel við og séu forsjármönnum ríkiseigna til eftirdæmis hér eftir sem hingað til. Frumvarpið stuðlar m. ö. o. að varðveislu verðmæta, sem ekki veitir af á þessum síðustu tímum, um leið og það horfir til réttlætis. Þar sem þetta hvort tveggja fer saman er þess að vænta, að málið nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.“